

Mál nr. 34/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar eiganda sem farþega í bifreið****Meiðsl, ágreiningur um hvort tilkynningaskyldu hafi verið gætt samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa misst stjórn á bifreið sinni 29.09. 2007 er hann ók suður Kringlumýrarbraut með þeirri afleiðingu að bifreiðin hafnaði utan vegar. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að “ökumaðurinn kvaðst ekki kenna sér meins eftir óhappið” sbr. nánar gögn málsins. M leitaði samt sem áður til slysadeildar næsta dag þar sem hann taldi sig hafa fengið hálshnykk o.fl. sbr. gögnin. Þá mun hann hafa fengið “almenna ráðgjöf og bækling um hálstognanir”.

Í febrúar 2010 leitaði M á læknavaktina sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð dags. 13.05. 2010. Í mars 2010 barst félaginu tilkynning um fyrrgreint óhapp.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið hafnar því að frestur sem 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga mælir fyrir um hefjist þegar M sá ástæðu til að leita læknis um tveimur og hálfu ári eftir slysið. Þá telur félagið og að orsakatengsl séu ósönnuð þ.e. milli slyssins og þeirra einkenna sem lýst er í læknisvottorði á árinu 2010.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum gætti M ekki tilkynningaskyldu sinnar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að M hafi í þessu sérstaka tilviki átt að tilkynna vátryggingafélaginu um kröfu sína á árinu 2007.

Þá eru orsakatengsl ósönnuð milli slyssins og þeirra afleiðinga sem M telur að rekja megi til þess.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.